AUGLÝSING

um samkomulag við Noreg um fiskveiði- og landgrunnsmál.

Í dag öðlast gildi samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál sem undirritað var í Reykjavík hinn 28. maí 1980, sbr. 11. gr. samkomulagsins.

Alþingi hafði með ályktun samþykktri 19. maí 1980 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. júní 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs,

sem viðurkenna nauðsyn á raunhæfum ráðstöfunum til verndunar, skynsamlegrar nýtingar og endurnýjunar lifandi auðæfa hafsins og ennfremur nauðsyn skynsamlegrar nýtingar auðlinda landgrunnsins,

sem viðurkenna að samkvæmt þjóðarétti bera löndin tvö sem strandríki höfuðábyrgð á raunhæfri verndun og skynsamlegri nýtingu þessara auðlinda,

sem viðurkenna mikilvægi samræmds, náins og vinsamlegs samstarfs milli landanna tveggja til að tryggja að þessum markmiðum verði náð og viðurkenna einnig nauðsyn á skipulögðu samstarfi við önnur lönd sem hlut eiga að máli til þess að ná þessum markmiðum,

sem viðurkenna hversu mjög efnahagur Íslands er háður fiskveiðum, sbr. 71. gr. texta hafréttarráðstefnunnar,

sem hafa í huga að Ísland hefur sett 200 mílna efnahagslögsögu og að Noregur mun á næstunni ákveða fiskveiðilögsögu við Jan Mayen,

OVERENSKOMST
mellom Island og Norge vedrørende fiskeri- og kontinentalsokkelspørsmål

Regjeringene i Island og Norge,

som erkjenner behovet for å gjennomføre effektive tiltak for bevaring, rasjonell utnyttelse og reproduksjon av de levende ressurser i havet, og videre for rasjonell utnyttelse av naturressursene på og i kontinentalsokkelen,

som erkjenner at det i henhold til folkeretten er de to land som kyststater som bærer hovedansvaret for effektiv bevaring og rasjonell utnyttelse av disse naturressurser,

som erkjenner betydningen av et koordinert, nært og vennskapelig samarbeide mellom de to land for å sikre disse mål og som likeledes erkjenner nødvendigheten av koordinert samarbeide med andre berørte land for å sikre disse mål,

som erkjenner Islands sterke økonomiske avhengighet av fiskeriene, jfr. havrettskonferansens artikkel 71,

som tar i betraktning at Island har opprettet en økonomisk sone på 200 nautiske mil, og at Norge vil iverksette en fiskerisone ved Jan Mayen i nær fremtid,

sem viðurkenna hinar sérstöku aðstæður sem mikilvægar eru við afmörkun svæða landanna tveggja á þeim hafsvæðum, sem hér um ræðir, bæði að því er varðar fiskveiðar og landgrunn,

sem láta í ljós áhyggjur sínar vegna hættu á ofveiði, sem sérstaklega steðjar að loðnustofninum,

sem hafa í huga þau störf sem unnin eru á 3. hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og enn er ólokið,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar skulu hafa samstarf um framkvæmdaratriði á sviði fiskveiða og skal sérstök áhersla lögð á ráðstafanir vegna verndunar, skynsamlegrar nýtingar og eðilegrar endurnýjunar stofna sem ganga um hafsvæðin milli Íslands og Jan Mayen.

Aðilar skulu skiptast á upplýsingum um aflatölur og fiskveiðiráðstafanir landanna, samræma hafrannsóknir og skiptast á upplýsingum um þróun fiskveiða.

2. gr.

Aðilar skulu setja á fót fiskveiðinefnd. Hvor aðili skal tilnefna einn fulltrúa og einn varafulltrúa í nefndina. Fulltrúar mega leita aðstoðar ráðgjafa og sérfræðinga.

Nefndin skal koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári og skulu fundir haldnir á víxl í löndunum tveimur. Ennfremur skal nefndin koma saman eins oft og nauðsynlegt þykir.

Aðilar skulu setja á fót starfshóp fiskifræðinga í tengslum við nefndina. Starfshópurinn skal aðstoða nefndina með því að veita henni vísindaleg ráð varðandi starfsemi hennar.

3. gr.

Nefndin skal fjalla um málefni sem upp koma varðandi framkvæmd á stjórnun fiskveiða. Skal hún leggja tillögur fyrir aðilana og veita þeim ráð um fiskveiðar á flökkustofnum á svæðinu með

som erkjenner de særlige omstendigheter av betydning for den innbyrdes opptrekking av delelinjen mellom de to land i de berørte havområder for fiskeriformål såvel som for kontinentalsokkelformål,

som uttrykker sin bekymring over den fare for overbeskatning som truer særlig loddebestanden,

som er oppmerksomme på det arbeide som udføres på De Forente Nasjoners tredje konferanse om havets folkerett, et arbeide som ennå ikke er avsluttet,

er blitt enige om følgende:

Artikkel 1

Partene skal samarbeide om praktiske spørsmål innen fiskerinæringen med særlig vekt på tiltak til bevaring, rasjonell utnyttelse og forsvarlig reproduksjon av de bestander som vandrer i havområdene mellom Island og Jan Mayen.

Partene skal utveksle opplysninger om fangststatistikk og nasjonale fiskeritiltak, koordinere vitenskapelig forskning og utveksle erfaringer når det gjelder utvikling av fiskeriene.

Artikkel 2

Det opprettes en fiskerikommisjon. De to parter vil hver oppnevne en representant og en stedfortredende representant til denne kommisjon. Representantene kan bistås av rådgivere og eksperter.

Kommisjonen skal møtes minst en gang hvert år, vekselvis i hvert av de to land. For øvrig skal kommisjonen møtes så ofte som det måtte vise seg nødvendig.

I tillegg til kommisjonen opprettes en arbeidsgruppe av havforskere fra de to parter. Gruppen skal bistå kommisjonen med vitenskapelige råd i forbindelse med dens arbeid.

Artikkel 3

Kommisjonen skal ha konsultasjoner om de spørsmål som reiser seg i forbindelse med gjennomføringen av reguleringer av fisket. Den skal fremsette forslag og anbefalinger til de to regjeringer ved-

tilliti til leyfilegs heildarafla slíkra stofna og skiptingar heildaraflans, svo og ræða og samræma aðrar verndarráðstafanir. Samhljóða tillögur nefndarinnar verða bindandi eftir tvo mánuði enda hafi hvorug ríkisstjórnanna mótmælt þeim.

Aðilar mega fela nefndinni að fjalla um hvers kyns önnur málefni varðandi fiskveiðarnar.

4. gr.

Þar sem loðnustofninn gengur um svæði beggja aðila, skulu þeir reyna að ná samkomulagi um ákvörðun leyfilegs hámarksafla. Ef samkomulag næst ekki, getur Ísland, sem sá aðili, sem mestra hagsmuna hefur að gæta varðandi loðnustofninn, ákveðið leyfilegan hámarksafla.

Ef í ljós kemur að leyfilegum hámarksafla loðnu á veiðitímabilinu hefur verið breytt með tilliti til þess veiðimagns, sem hlutdeild Noregs í aflanum var byggð á, skal sú hlutdeild breytast til samræmis við það á sama eða næsta veiðitímabili.

Ef ákvörðunin á heildaraflamagninu er talin bersýnilega ósanngjörn getur Noregur lýst sig óbundinn af henni.

5. gr.

Hlutdeild Noregs í heildarafla loðnu á Jan Mayen svæðinu skal fjögur fyrstu árin, þ. á m. árið 1980, vera 15%.

Skipting loðnukvóta milli Noregs og Íslands má taka til endurskoðunar í fiskveiðinefndinni í síðasta lagi í lok 4ja ára tímabilsins í ljósi þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað á veiðisvæðinu, og á grundvelli þeirra vísindalegu niðurstaðna, sem fyrir hendi kunna að vera um dreifingu loðnunnar um hin ýmsu svæði. Náist ekki samkomulag, skulu ríkisstjórnir beggja landanna fjalla um stöðuna, með það markmið fyrir augum að ná fram lausn sem gætir þeirra sjónarmiða, sem báðir aðilar hafa lagt til grundvallar við gerð samkomulags þessa.

rørende fiske på vandrende bestander i området, herunder anbefalinger m. h. t. totalkvoter for slike bestander og fordelingen av disse totalkvotene, samt drøfte og samordne andre bevaringstiltak. Enstemmige anbefalinger fra kommisjonen blir bindende etter to måneder dersom ingen av partenes regjeringer har gjort innvendinger.

Partene kan pålegge kommisjonen å behandle og utrede andre forefallende spørsmål.

Artikkel 4

I og med at loddebestanden er en bestand som vandrer i begge parters soner, skal partene søke å bli enige om fastsettelsen av de største tillatte totalfangster for lodde. Hvis enighet ikke oppnås, kan Island, som den av partene som har størst interesse i loddebestanden, fastsette den totalt tillatte fangst.

Hvis det viser seg at den totalt tillatte fangst av lodde for sesongen blir endret i forhold til det fangstkvantum som dannet grunnlaget for den norske kvoten, skal Norges kvote justeres tilsvarende i samme eller etterfølgende fiskesesong.

Norge kan anse seg ubundet av totalkvoten hvis fastsettelsen anses som klart urimelig.

Artikkel 5

Norges andel av totalkvoten for lodde i sonen ved Jan Mayen settes for de første fire år, inklusive 1980, til 15%.

Fordelingen av loddekvoten mellom Norge og Island skal kunne tas opp til revisjon i fiskerikommisjonen senest ved fire-års periodens utløp i lys av den utvikling som har funnet sted på fiskets område og på grunnlag av eventuelle forskningsresultater om loddens fordeling på de ulike soner. Hvis enighet ikke oppnås, skal de to lands_regjeringer drøfte situasjonen med sikte på å nå en løsning som ivaretar de hensyn som de to parter har lagt til grunn ved utformingen av denne overenskomst.

6. gr.

Af þeim hluta leyfilegs aflahámarks, sem fellur í hlut Íslands samkvæmt 5. gr., er íslenskum fiskimönnum veitt heimild til að veiða á Jan Mayen svæðinu samsvarandi magn loðnu og fellur í hlut Noregs af leyfilegum hámarksafla samkvæmt 5. gr.

Að því er tekur til annarra flökkustofna skal tekið sanngjarnt tillit til þess hve Ísland er almennt háð fiskveiðum, svo og fiskveiðihagsmuna Íslands á Jan Mayen svæðinu. Af þeim aflahlut, sem Íslandi er veittur með samningagerð við Noreg og önnur lönd, mega Íslendingar veiða sanngjarnan hluta á Jan Mayen svæðinu. Aflamagn Íslands á Jan Mayen svæðinu er tekið til umfjöllunar á hinum árlegu fundum fiskveiðinefndarinnar.

7. gr.

Hvor aðili um sig má úthluta til þriðja lands rétti til að veiða þann hámarksafla, sem vísað er til í 5. gr. Slíkar veiðar má aðeins leyfa innan lögsögu viðkomandi aðila.

8. gr.

Aðilar viðurkenna að nauðsynlegt kunni að vera vegna raunhæfrar verndunar og skynsamlegrar nýtingar flökkustofna að ráðgast við önnur lönd og samræma fiskveiðiráðstafanir hlutaðeigandi landa, þ. á m. ákvörðun leyfilegs hámarksafla og skiptingu hans í samræmi við 63. gr. texta hafréttarráðstefnunnnar og ákvæði samkomulags þessa.

9. gr.

Fjallað verður um afmörkun landgrunnsins á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen í framhaldsviðræðum.

Í þessu skyni eru aðilar ásáttir um að skipa svo fljótt sem verða má sáttanefnd þriggja manna og skal hvor aðili tilnefna mann, sem er ríkisborgari þess lands. Formaður nefndarinnar er tilnefndur með samkomulagi aðilanna.

Artikkel 6

Av den del av totalkvoten som tilfaller Island i henhold til artikkel 5, gis islandske fiskere adgang til å fiske i sonen ved Jan Mayen et kvantum lodde som svarer til den del av totalkvoten som tilfaller Norge i henhold til artikkel 5.

Når det gjelder andre vandrende bestander, skal det tas rimelig hensyn til Islands avhengighet av fisket i sin alminnelighet og Islands interesser av fisket i Jan Mayen-sonen. Av den andel som Island blir tildelt i forhandlinger med Norge og andre land, kan Island fiske en rimelig del i sonen ved Jan Mayen. Islands kvantum i sonen ved Jan Mayen drøftes i de årlige konsultasjoner i fiskerikommisjonen.

Artikkel 7

Hver av partene kan overdra til tredjeland retten til å fiske av de kvoter som de tildeles etter artikkel 5. Slikt tredjelandsfiske kan bare finne sted i vedkommende parts egen sone.

Artikkel 8

Partene erkjenner at effektiv bevaring og rasjonell utnyttelse av vandrebestander kan nødvendiggjøre konsultasjoner og koordinering av fiskeritiltak med andre land, herunder fastsettelse av største tillatte totalfangst og fordeling av denne, i henhold til prinsippene i artikkel 63 i havrettskonferansens tekst og bestemmelsene i denne overenskomst.

Artikkel 9

Spørsmålet om delelinjen for sokkelen i området mellom Island og Jan Mayen vil bli gjenstand for fortsatte forhandlinger.

I dette øyemed er partene blitt enige om snarest mulig å oppnevne en forlikskommisjon på tre medlemmer hvorav hver av partene oppnevner et nasjonalt medlem. Kommisjonens formann skal oppnevnes av partene i fellesskap.

Hlutverk nefndarinnar skal vera að gera tillögur um skiptingu landgrunnssvæðisins milli Íslands og Jan Mayen. Við gerð slíkra tillagna skal nefndin hafa hliðsjón af hinum miklu efnahagslegu hagsmunum Íslands á þessum hafsvæðum, svo og landfræðilegum, jarðfræðilegum og öðrum sérstökum aðstæðum.

Nefndin setur sér sjálf starfsreglur. Samhljóða tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir ríkisstjórnirnar svo fljótt sem verða má. Aðilar miða við að tillögurnar verði lagðar fram innan fimm mánaða frá skipun nefndarinnar.

Tillögur þessar eru án skuldbindingar fyrir aðilana, en þeir munu taka sanngjarnt tillit til þeirra í frekari málsmeðferð.

10. gr.

Þegar um er að ræða starfsemi á landgrunnssvæðunum milli Íslands og Jan Mayen að því er varðar rannsóknir eða vinnslu auðlinda á landgrunninu eða í því, skuldbinda aðilarnir sig til að hafa náin samráð og náið samstarf um setningu og framkvæmd nauðsynlegra öryggisreglna til þess að koma í veg fyrir mengun, sem gæti stofnað lifandi auðlindum á þessum hafsvæðum í hættu eða haft önnur skaðleg áhrif á umhverfi sjávar.

Hvor aðili um sig skuldbindur sig til þess að leggja fyrir hinn fastmótaðar áætlanir um slíka starfsemi varðandi rannsóknir eða vinnslu landgrunnsauðlinda með hæfilegum fyrirvara áður en slík starfsemi hefst.

11. gr.

Samkomulag þetta öðlast ekki gildi fyrr en aðilar hafa skipst á orðsendingum um að nauðsynlegum stjórnskipunarákvæðum hafi verið fullnægt.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar með umboði undirritað samkomulag þetta.

Kommisjonen skal ha som mandat å fremsette anbefalinger om delelinjen for sokkelområdet mellom Island og Jan Mayen. Under utarbeidelse av slike anbefalinger skal kommisjonen ta hensyn til Islands sterke næringsmessige interesser i disse havområder, de foreliggende geografiske og geologiske forhold og andre spesielle omstendigheter.

Kommisjonen fastsetter sin egen forretningsorden. Kommisjonens enstemmige anbefalinger skal forelegges de to regjeringer snarest mulig. Partene tar sikte på at anbefalingene skal forelegges innen fem måneder etter oppnevnelsen av kommisjonen.

Disse anbefalinger er ikke bindende for partene; men partene vil under sine videre forhandlinger ta rimelig hensyn til dem.

Artikkel 10

I tilfelle av virksomhet på sokkelområdene mellom Island og Jan Mayen vedrørende undersøkelse etter eller utvinning av naturressursene på eller i sokkelen, forplikter de to parter seg til nære gjensidige konsultasjoner og et nært samarbeide om fastsettelse og håndhevelse av de nødvendige sikkerhetsbestemmelser for å forhindre enhver forurensning som kan sette de levende ressurser i disse havområder i fare eller for øvrig ha skadevirkninger for det marine miljø.

Partene forplikter seg til å forelegge for hverandre konkrete planer for slik virksomhet vedrørende undersøkelse etter eller utvinning av sokkelressursene i god tid før slik virksomhet tar til.

Artikkel 11

Denne overenskomst skal ikke bli bindende før partene ved noteveksling har meddelt hverandre at de konstitusjonelle skritt som er nødvendige er foretatt.

Til bekreftelse herav har de respektive befullmektigede undertegnet denne overenskomst.

Gjört í Reykjavík hinn 28. maí 1980 í tveimur eintökum á íslensku og norsku og eru báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands:

Ólafur Jóhannesson.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Noregs:

Annemarie Lorentzen.

Utferdiget i Reykjavik, den 28. mai 1980 i to eksemplarer på islandsk og norsk, slik at de to tekster har samme gyldighet.

For den islandske Regjering:

Ólafur Jóhannesson.

For den norske Regjering:

Annemarie Lorentzen.